;ALLT ATVINNA
FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441
vísir.is

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

## Ráðagóður ráðgjafi óskast!

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing óskar eftir að ráða félagsrágjafa í 50% stöðu. Möguleiki er á auknu starfshlutfalli síðar. Einnig kemur til greina að ráða ráðgjafa með aðra fagmenntun af félags- mennta- eða heilbrigðissviði.

**Helstu verkefni ráðgjafa eru:**
- Móttaka og viðtöl vegna nýrra umsókna
- Gerð og umsjón endurhæfingaráætlana
- Eftirfylgni og tenging við atvinnulífið

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, úrræðagóður, lausnarmiðaður og tilbúinn til þess að takast á við krefjandi verkefni.

Umsóknir berist til Lindu Skúladóttur forstöðumans á netfangið rlinda@hringsja.is eða að Hátúni 10d. 105 Reykjavík fyrir 20. janúar nk.

Frekari upplýsingar á www.hringsja.is og hjá forstöðumanni.

HJARTAVERND

## Gagnagrunnssérfræðingur

**Hjartavernd leitar að gagnagrunnssérfræðingi.**

**Starfslýsing:**
Forritun og vinna við gagnagrunna

**Hæfniskröfur:**
Góð þekking á Oracle gagnagrunnum
Reynsla af SQL og PL/SQL forritun
Háskólamenntun

Allar nánari upplýsingar veitir Guðný Eiríksdóttir í síma 535 1817 milli klukkan 09 og 11 alla morgna.
Umsóknum skal skila til Hjartaverndar merktar GAGNAGRUNNSSÉRFRÆÐINGUR eða á netfangið atvinna@hjarta.is

Starfsmenn Hjartaverndar eru í kringum 50 manns og samanstendur af breiðum hópi fólks með ólíka menntun sem í sameiningu vinnur að því að framkvæma rannsóknir á sem vísindalegastan og áreiðanlegastan hátt. Í Hjartavernd starfa m.a. læknar, lífeindafræðingar, líffræðingar, tölfræðingar, verkfræðingar, geislafræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og fólk úr ýmsum öðrum starfstéttum. Starfsmenn Hjartaverndar vinna að ýmsum verkefnum, eins og við Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, við áhættumat, á rannsóknarstofu Hjartaverndar, við myndgreiningardeild, á skrifstofu, við fræðslumál, við úrvinnslu ganga, gæðastjórnun, fjármálastjórnun og ýmis samstarfsverkefni sem Hjartavernd tekur þátt í.

## Félagsráðgjafi/Þroskaþjálfi

### Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

Óskar eftir að ráða félagsráðgjafa / þroskaþjálfa til starfa.
Að auki er leitað að starfsmanni í afleysingar til eins árs.

**Starfssvið félagsráðgjafa/þroskaþjálfa**
- Málefni fatlaðra
- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Þátttaka í þróunarstarfi á sviði málefna fatlaðra

**Hæfniskröfur:**
- Próf í félagsráðgjöf eða þroskaþjálfun
- Reynsla af störfum á sviði málefna fatlaðra.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar, frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið afleysingastöðu**
- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Málefni fatlaðra

**Hæfniskröfur:**
- Próf í félagsráðgjöf.
- Reynsla af störfum á sviði velferðarþjónustu.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2010

Atvinnuumsókn ásamt ferilskrá má senda á netfangið kristin@sandgerdi.is
Frekari upplýsingar veitir Kristín Þ. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri í síma 420-7555, netfang; kristin@sandgerdi.is

# Yfirmaður Upplýsingatækni

Landsbankinn

Upplýsingatækni Landsbankans er einstaklega vel mönnuð metnaðarfullu og hæfu tæknifólki. Landsbankinn leggur áherslu á að efla starfsfólk sitt og birtist það meðal annars í öflugu menntunar- og fræðslustarfi innan Upplýsingatækni.

Laust er til umsóknar starf yfirmanns Upplýsingatækni hjá Landsbankanum.

Upplýsingatækni Landsbankans telur 114 manns og ber ábyrgð á framþróun og nýtingu Upplýsingatækni hjá Landsbankanum. Innan deildarinnar eru þrjár einingar: Hugbúnaður, Rekstur og Arkitektúr & gæðamál. Yfirmaður Upplýsingatækni ber ábyrgð á þessum einingum og framþróun þeirra. Upplýsingatækni er hluti af Þróunarsviði bankans.

Hugbúnaðarvinna er unnin samkvæmt SCRUM aðferðafræði í náinni samvinnu við Verkefnastofu bankans sem einnig er á Þróunarsviði. Hugsjónir Agile eru hafðar að leiðarljósi í allri þróunarvinnu og leggur hópurinn áherslu á að afhenda virði til annarra eininga bankans. Innan hugbúnaðareiningarinnar eru þróuð umfangsmikil vöruhús bankans, auk þess sem ráðgjöf er veitt um nýtingu og aðlaganir á stærri kerfum.

Rekstur ber ábyrgð á miðlægum búnaði bankans og gagnaverum, runuvinnslum, útstöðvum og almennri notendaþjónustu. Ferli einingarinnar eru byggð á ITIL og mikil áhersla er lögð á stöðugleika og hátt þjónustustig við starfsmenn og viðskiptavini bankans.

Almenn hönnun kerfa og ferla fer fram hjá Arkitektúr & gæðamálum sem er stoðeining við framleiðsludeildirnar.

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í framþróun tæknimála á Íslandi og staðið að baki fjölmörgum verkefnum á þeim vettvangi. Yfirmaður upplýsingatækni er kyndilberinn í þessum verkefnum fyrir hönd bankans og andlit hans í ýmiss konar samstarfi.

### Hæfniskröfur:

**Viðkomandi þarf að vera:**
- Afar fær í mannlegum samskiptum og geta leitt krefjandi mál til lykta með farsælum hætti
- Lausnamiðaður og hafa skilning á þeirri tækni sem bankinn býr yfir
- Trúaður á öguð ferli í daglegri starfsemi
- Fær um að marka starfseminni stefnu með hliðsjón af stefnumótun bankans
- Með háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Æskilegt er að viðkomandi hafi:**
- Skilning á undirliggjandi starfsemi bankans
- Víðtæka reynslu af rekstri og þróun kerfa og nýtingu upplýsingatækni almennt
- Skilning á Agile hugmyndafræði og þeim aðferðum sem þar er beitt

### Helstu verkefni:
- Dagleg umsjón með starfsfólki.
- Móta stefnu og sýn deildarinnar. Tryggja að verkefnin fylgi stefnu og að unnið sé að þeim málum sem fyrir liggja.
- Þátttaka í þróunarstarfi annarra deilda bankans og ráðgjöf um nýtingu tækni.
- Þátttaka í verkefnum utan bankans sem eru þjóðfélaginu til framfara og bankanum til heilla.

### Nánari upplýsingar veita:
Baldur G. Jónsson mannauðsstjóri í síma 410 7904, netfang: baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Jensína Böðvarsdóttir framkvæmdarstjóri Þróunar í síma 410 7011, netfang: jensina.k.bodvarsdottir@landsbankinn.is.

Umsókn fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is merkt „Yfirmaður Upplýsingatækni".

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.



# Launafulltrúi - Landhelgisgæslan

Landhelgisgæslan óskar eftir að ráða launafulltrúa í fullt starf. Viðkomandi mun starfa náið með starfsmannastjóra og verkefnin eru fjölbreytt.

**Starfssvið:**
- Launavinnsla
- Upplýsingagjöf varðandi kjaratengd mál
- Úrvinnsla gagna
- Tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu
- Reynsla af Oracle mikill kostur
- Almenn tölvufærni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi

TALENT RÁÐNINGAR
Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

## Kennarar óskast

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir kennurum á vorönn 2011 til kennslu í eftirfarandi áföngum:

**EFN 204**, efnafræði 6 kennslustundir á viku

**VTG 193**, verktækni grunnnáms á almennri braut 6 kennslustundir á viku

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Ársæli Guðmundssyni, skólameistara, Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi eða á netfangið arsaell@menntaborg.is fyrir föstudaginn 24. des nk.

Laun skv. kjarasamningi KÍ og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Kennsla á vorönn 2011 hefst mánudaginn 17. janúar.

Nánari upplýsingar veitir Ársæll Guðmundsson, skólameistari í síma 895 2256.

Skólameistari

## Saumavinna

**565806**
Starfsmaður óskast í saumavinnu hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í gluggatjöldum.

- Starfið felur m.a. í sér saumaskap á gluggatjöldum, tauköppum, felligardínum og m.fl.
- Leitað er að einstaklingi sem er samviskusamur, nákvæmur og vanur saumavinnu.
- Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00 eða 9:00-18:00. Ráðið verður í starfið strax. Einungis reyklausir einstaklingar með góða íslenskukunnáttu koma til greina.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

vinna.is
S: 511 1144

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



## Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða eftirlitsmann í lofthæfi- og skrásetningardeild

Starfið felst einkum í eftirliti með viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, vottun og eftirliti með stjórnkerfum og fyrirtækjum sem annast viðhaldsmál.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
Krafist er menntunar flugvéltæknis með Part 66 skírteini eða að umsækjandi hafi lokið tæknilegu námi á háskólastigi sem tengist lofthæfi loftfara. Fimm ára reynsla af viðhaldi og/eða viðhaldstjórnun loftfara hjá fyrirtæki samþykktu skv. kröfum EASA er nauðsynleg, þekking á hönnun loftfara, viðeigandi gögnum og á EASA reglugerðum.
Umsækjandi þarf að hafa áhuga á að tileinka sér mjög öguð vinnubrögð, þ.m.t. alþjóðlegar kröfur sem gilda í flugi.
Krafa er gerð um mjög góð tök á íslensku og ensku sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Hann þarf að geta sýnt af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og unnið undir miklu álagi. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði.
Flugmálastjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum.
Frekari upplýsingar um starfið gefa Ómar Þór Edvardsson deildarstjóri í lofthæfi- og skrásetningardeild (sími 569 4235 /omar@caa.is) og Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs (sími 569 4187 /hallas@caa.is)

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 3. janúar n.k. merkt:
**„Flugmálastjórn – umsókn um starf eftirlitsmanns"**

*Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með u.þ.b. 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.*

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI AFÞREYING
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
visir.is

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Þroskaþjálfafélag Íslands

ÞÍ er stéttarfélag þroskaþjálfa. Félagið er sjálfstætt stéttarfélag með aðild að BHM. Um 520 þroskaþjálfar eiga stéttarfélagsaðild að félaginu, en auk þess eru um 30 þroskaþjálfar með fagaðild eða aukaaðild.

**Þroskaþjálfafélag Íslands leitar að framkvæmdastjóra í 60% stöðugildi.**

**Starfssvið**
- Dagleg stjórnun félagsins
- Upplýsingagjöf til félagsmanna varðandi kjaramál o.fl.
- Færsla bókhalds og áætlunargerð
- Umsjón með heimasíðu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Þroskaþjálfamenntun – framhaldsnám kostur
- Reynsla af stjórnun nauðsynleg
- Rekstarþekking og þekking á kjaramálum æskileg

Umsjón með starfinu hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# AÐALBÓKARI SAMSTÆÐU

Fyrirtæki Haga eru öll rekin sem sjálfstæð fyrirtæki og hafa þess vegna ólík rekstrarform og ólíka menningu. Hlutverk Haga er að veita þessum fyrirtækjum aðhald og finna sameiginlega fleti sem geta leitt til hagræðingar í kostnaði og aukið tekjumöguleika fyrirtækjanna og þar af leiðandi samkeppnisstyrk þeirra.

**Hagar leita að aðalbókara með reynslu af samstæðuuppgjörum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Hagar eru verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi. Undir Haga fellur Bónus, Hagkaup, Útilíf, Zara, Debenhams, Topshop, Coast, Evans, Dorothy Perkins, Jane Norman, Oasis, Karen Millen, All Saints, Day og Warehouse. Jafnframt eiga Hagar innkaupafyrirtækin Aðföng, Hýsingu, Banana og Ferskar kjötvörur.**

**Starfslýsing**
- Mánaðarleg uppgjör samstæðu
- Árshlutauppgjör samstæðu
- Ársuppgjör samstæðu í samstarfi við endurskoðendur félagsins
- Almenn bókhaldsstörf og afstemmingar
- Aðstoð við bókhaldsdeildir fyrirtækja Haga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, viðskiptafræði af endurskoðunarsviði æskileg
- Reynsla og þekking á samstæðubókhaldi og ársreikningagerð skilyrði
- Þekking á Navision Financials kostur
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# NÝ TÆKIFÆRI

RioTinto Alcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða öfluga verk- eða tæknifræðinga í áhugaverð og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Annars vegar er um að ræða starf leiðtoga verkefnastjórnunar sem heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs og hinsvegar starf verkefnastjóra á tæknisviði.**

## LEIÐTOGI VERKEFNASTJÓRNUNAR

**Leiðtogi verkefnastjórnunar hefur hóp verkefnastjóra undir sinni stjórn og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra fjárfestingarverkefna sem heyra undir tæknisvið.**

**Starfssvið**
- Umsjón með verkefnastjórnun og framkvæmd fjárfestingaverkefna
- Umsjón með útboðsgerð
- Þátttaka í stefnumótun
- Þátttaka í gerð árlegra rekstar- og fjárfestingaáætlana
- Náið samstarf við framleiðsludeildir
- Erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðimenntun, vélaverkfræði mjög æskileg
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking á umhverfismálum kostur
- Reynsla af áætlanagerð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

## VERKEFNASTJÓRI

**Verkefnastjóri tilheyrir hópi verkefnastjóra og stýrir fjölbreyttum verkefnum á tæknisviði.**

**Starfssvið**
- Verkefnastjórnun
- Eftirlit með verkfræðilegri hönnun
- Útboðsgerð
- Gerð kostnaðar- og verkáætlana
- Eftirlit með framkvæmdum
- Náið samstarf við framleiðsludeildir varðandi greiningu, framkvæmd og afhendingu verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðimenntun, vélaverkfræði kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af áætlanagerð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---



SPECIALISTERNE
Passion for details

Umsjónarfélag einhverfra

# Framkvæmdastjóri (50-100% starf)

*Specialisterne ses. er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð í ársbyrjun 2010 af Umsjónarfélagi einhverfra. Gera má ráð fyrir að á Íslandi sé á bilinu 2.000 - 3.000 einstaklingar á einhverfurófi, um 1.000 hafa fengið formlega greiningu. Ekki hefur verið til úrræði á Íslandi sem sérhæfir sig í þjónustu og atvinnustuðningi við þennan hóp. Of margir einstaklingar eru því atvinnulausir eða í störfum þar sem starfsgeta þeirra nýtist illa.*

*Markmið félagsins er að koma af stað starfsemi í samstarfi við Specialisterne í Danmörku sem hafa vakið heimsathygli við nálgun á atvinnuþátttöku einstaklinga á einhverfurófi, en litið er sérstaklega til styrkleika þeirra og sérstakra hæfileika. Markmið Specialisterne ses. er að meta og þjálfa 14 - 18 einstaklinga á einhverfurófinu á ári og veita um helming þeirra atvinnu við fjölbreytt störf þar sem krafist er nákvæmni og styrkleikar hvers og eins nýtast.*

*Frekari upplýsingar um Specialisterne má sjá á* ***www.specialisterne.is***

**Specialisterne ses. óskar eftir að ráða framkvæmdarstjóra.**

**Starfssvið**

- Byggja upp og þróa fyrirtæki sem stuðlar að nýjum og virðisaukandi starfstækifærum fyrir einhverfa með áherslu á styrkleika og sérstaka hæfileika hvers og eins.
- Samskipti við fyrirtæki varðandi atvinnumál.
- Samskipti við Specialisterne í Danmörku og aðra hagsmunaaðila hérlendis.
- Yfirumsjón með sérfræðingum sem annast greiningu, hæfnismat og starfsþjálfun
- Upplýsingagjöf til stjórnar o.fl.
- Fullt starf fæli að auki í sér verkefnastjórnun í tengslum við atvinnuþátttöku einstaklinganna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun.
- Reynsla af stjórnun/verkefnastjórnun.
- Góður árangur í fyrri störfum.
- Mikið frumkvæði, þolinmæði og skipulagshæfileikar.
- Góð tjáskipti í ræðu og riti.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Áhugi og skilningur á þeirri hugmyndafræði sem unnið er eftir.

Umsóknarfrestur er til og með 19. desember n.k. Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 587 1145. Umsóknir með ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi.

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*www.intellecta.is*

Grafika 10



ÍSLENSKA SIA.IS ITS 52724 12/10




# TÆKNIÞJÓNUSTA ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA DEILDARSTJÓRA REKSTRARSTÝRINGAR

**Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi; liðsmanni með ríka þjónustulund sem hefur áhuga á að ná góðum árangri í starfi og hefur gaman af að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.**

**STARFSSVIÐ**

- Fjárstýring tækniþjónustunnar
- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti, áhættustjórnun og greiningu
- Gerð fjárhagsáætlana
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um fjármálastöðu og rekstraruppgjör
- Umsjón með aðstöðu, upplýsingakerfum og byggingum tækniþjónustunnar
- Aðkoma að samningagerð við birgja, viðskiptavini og stéttarfélög
- Umsjón með og frumkvæði að umbótaverkefnum
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf, t.d. í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegum greinum
- Reynsla af fjármálastjórnun og rekstri
- Góð stjórnunarreynsla og mjög góð samskiptahæfni
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Hafa frumkvæði, gott skipulag og hæfni til að vinna undir álagi

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**
Jens Bjarnason | Sími 425 0100 | jens.bjarnason@its.is
Kristín Björnsdóttir | Sími 505 0155 | stina@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út
á heimasíðu Icelandair:
**www.icelandair.is/umsokn**
eigi síðar en 20. desember 2010.

ICELANDAIR
TECHNICAL SERVICES

# Starf í upplýsingatæknideild

VERITAS CAPITAL

*Veritas Capital er móðurfyrirtæki Vistor, Distica og Artasan sem eru helstu þjónustufyrirtækin í lyfja- og heilbrigðisgeiranum á Íslandi og sér um alla stoðþjónustu fyrir þau. Alls starfa hjá fyrirtækjunum um 160 manns og þar af starfa fjórir starfsmenn í upplýsingatæknideild.*

Hörgatúni 2, 210 Garðabæ
Sími 535 7100, www.veritascapital.is

Veritas Capital leitar að reynslumiklum starfsmanni í upplýsingatæknideild félagsins. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á upplýsingatæknimálum og hafa ánægju af að starfa með öðru fólki. Um er að ræða fullt starf.

**Helstu verkefni:**

- Uppbygging Share Point og SQL tengd verkefni
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni kunna að vera falin

**Menntun og reynsla:**

- Tölvunarfræði eða sambærilegt
- Góð þekking og reynsla af Share Point og SQL þjónustu
- Staðgóð reynsla af vinnu við upplýsingatæknikerfi

**Persónuleg hæfni:**

- Drifkraftur og áhugi á að ná árangri í starfi
- Mikil þjónustulund
- Mjög góð samskiptahæfni
- Ánægja af að vinna í teymi
- Geta unnið undir álagi

Vinnutími er á tímabilinu 08.00-17.00.

***Nánari upplýsingar um starfið veita Bergljót Kristinsdóttir deildarstjóri upplýsingatæknideildar s: 535 7176 og Vilborg Gunnarsdóttir starfsmannastjóri s: 535 7136. Ferilskrár ásamt nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@veritascapital.is fyrir 20. desember næstkomandi.***

800 7000 - siminn.is

# Frábær hópur leitar að liðsauka

Síminn leitar að tveimur öflugum liðsmönnum til eftirtalinna starfa. Ef þú ert að leita að vinnu í krefjandi starfsumhverfi og hefur hæfni og reynslu sem á þarf að halda þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

## Forritari

**Starfslýsing:**
Starfið felst aðallega í forritunarverkefnum og kerfisþróun stórs hugbúnaðarkerfis. Tengist samskiptum ýmissa kerfa og stórum gagnasöfnum.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af C, C++, PHP og SQL fyrirspurnum er æskileg
- Þekking á Unix og Linux æskileg og þekking á perl- og skeljaforritun er kostur
- Viðkomandi verður að eiga auðvelt með að setja sig inn í viðamikil verkefni

## Rekstrargúrú

**Starfslýsing:**
Starfið felst í rekstri ýmissa upplýsingatæknikerfa Símans, með áherslu á vefi og samtvinnun undirliggjandi kerfa. Unnið er með fjölmörgum deildum innan Símans sem sinna meðal annars hugbúnaðarþróun og framsetningu fyrir notendur.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum eða reynsla af atvinnulífinu
- Mjög góð þekking á Linux/UNIX ásamt reynslu af rekstri slíkra kerfa
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á vefhýsingu, vefþjónustum, Internetstöðlum og Internetþjónustu
- Frumkvæði ásamt öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum

**Æskileg reynsla:**

- Þekking á HTML, CSS, Javascript og PHP
- Þekking á Open Source hugbúnaði svo sem Apache vefþjónum, Tomcat, Jetty og Vyre
- Þekking á ITIL og sambærilegum stöðlum fyrir tölvuumhverfi er kostur



## Umsóknarfrestur er til 20. desember 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga.
Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Gildi Símans eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM44665

## Störf við hugbúnaðargerð

*Medical Algorithms ehf er vaxandi fyrirtæki á sviði tæknilegrar hugbúnaðargerðar. Meðal verkefna er hugbúnaður til upptöku og greiningar á heilariti og verkefni fyrir olíuiðnaðinn. Viðskiptavinir eru allir erlendir. Stefna fyrirtækisins er að vera í fararbroddi hvað varðar tækni og ferla í hugbúnaðargerð.*

### Sérfræðingur í hugbúnaðargerð

Alhliða hugbúnaðargerð fyrir PC tölvur, hönnun, skjölun og forritun. Fjölbreytt verkefni, forritun notendaviðmóts, gagnagrunna, úrvinnsla tölulegra gagna og netsamskipti. Til greina kemur bæði reynslubolti í hugbúnaðargerð eða efnilegur einstaklingur sem vill læra og vaxa með starfinu.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tæknigrein t.d. MSc í verkfræði, stærðfræði, eðlisfræði eða tölvunarfræði.
- Kunnátta í C# og C/C++.
- Kunnátta í tölulegri greiningu og merkjafræði kostur.
- Kunnátta í 3D myndvinnslu er kostur.
- Starfsreynslu er ekki krafist en er kostur.

### Sérfræðingur í forritun örtölva

Forritun örtölva fyrir ýmis konar tækjabúnað. Sjáfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði nauðsynlegt. Vinnur með hönnuðum vélbúnaðar sem staðsettir eru erlendis þ.a. gera þarf ráð fyrir ferðalögum.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tæknigrein t.d. MSc í rafmagnsverkfræði.
- Reynsla af forritun smátölvum (DSP, micro processors).
- Kunnátta í merkjafræði.

### Hönnun Notendaviðmóts

Hönnun á notendaviðmóti hugbúnaðar í þróun hjá fyrirtækinu, og uppsetning í xaml lýsingarmálinu í samvinnu við forritara. Skrifar notendahandbók og gerir annað kennsluefni fyrir notendur hugbúnaðarins. Vinnur að gerð markaðsefnis.

Hæfniskröfur

- Nám í hönnun, t.d. grafískur hönnuður.
- Mjög góð ensku kunnátta.
- Góð tölvukunnátta.
- Áhugi á hugbúnaðargerð.
- Kunnátta í xaml eða html kostur.

### Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Beitir kerfisbundnum aðferðum til þess að tryggja að allur hugbúnaður standist Jafnframt vinnur starfsmaðurinn með öðrum í fyrirtækinu til þess að uppfylla kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar fyrir lækningatæki.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tæknigrein t.d. BS í heilbrigðisverkfræði.
- Áhugi á hugbúnaðargerð.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Vandvirkni og þolinmæði.

*Áhugasamir sendi umsóknir á starf@medalg.com*

Medical Algorithms
from data to information

## Viltu starfa í skemmtilegu umhverfi...

World Class Iceland

## ...ertu með ríka þjónustulund og jákvæðni að leiðarljósi?

### World Class Spöng
óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- Afgreiðsla - fullt starf, vaktavinna
- Barnagæsla - hlutastarf, dagvinna

Umsóknir berist til stöðvarstjóra - iris@worldclass.is

### World Class Ögurhvarfi
óskar eftir starfsmanni í eftirfarandi stöðu:

- Afgreiðsla - fullt starf, vaktavinna

Umsóknir berist til stöðvarstjóra - adalheidur@worldclass.is

### World Class Laugum
óskar eftir starfsmanni í eftirfarandi stöðu:

- Ræsting - hlutastarf, dagvinna

Umsóknir berist til deildarstjóra - holly@worldclass.is

Skilafrestur umsókna er til 20. desember 2010
Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar worldclass.is

Gildi World Class
Þjónusta • samvinna • þekking




Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 35 útibú og afgreiðslur um land allt.

# Útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði

## Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf útibússtjóra á Ísafirði. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á fjármálamörkuðum og reynslu af stjórnun.

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- Ákvarðanataka er varðar starfsemi útibúsins, s.s. útlánaákvarðanir
- Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka
- Gerð rekstraráætlana, endurmat þeirra og eftirfylgni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Hjallatún

# Laus staða hjúkrunarfræðings.

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún í Vík. Um er að ræða 80 % stöðu verkefnisstjóra 2 sem vinnur dag-vaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt launasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar veitir Guðlaug Guðmunds-dóttir hjúkrunarforstjóri í s.868 1181 / hjallatun@vik.is

***Sveitarfélagið Ölfus,***

## auglýsing á deiliskipulagi

**Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla, efnistaka Árvéla í Lambafelli, Ölfusi.**
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, breytingartillögu sem samþykkt var af bæjarstjórn 28. ágúst 2008 og staðfest af ráðherra 28. maí 2009. Náman er skilgreind sem náma E3 í aðalskipulagi Ölfuss. Námusvæðið er skipt í tvennt, annarsvegar er námusvæði nyrst í reit E3 sem Sveitarfélagið Ölfus hefur ráðstafað til Jarðefnaiðnaðar ehf. Það svæði er um 23.1 ha og fyrirhuguð efnistaka um 18.000.000m3 á næstu 30 árum til ársins 2038.

Svæði Árvéla sem liggur sunnan við það svæði, í landi Hjallatorfu. Þar hefur verið efnisvinnsla undanfarin ár. Heildarflatarmál efnistökusvæðisins er um 18 ha. Heildar efnismagn til vinnslu á næstu 30 árum er um 27.000.000m3, eða um 600.000-900.000m3 á ári.
Þeir þættir deiliskipulagsins sem helst eru taldir valda umhverfisáhrifum eru efnistaka, efnisvinnsla og umferð sem og viðvera vinnuvéla og geymsla olíu og annarra efna á svæðinu.

Samlegðaráhrif fyrir báðar námurnar eru metin saman og verður frágangi á námu í lok verks, samræmdur.

Með deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð liggur frammi umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 12. desember 2010 til 9. janúar 2011. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma.
Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 23. janúar 2011. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla, efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf í Lambafelli, Ölfusi.**
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, breytingartillögu sem samþykkt var af bæjarstjórn 28. ágúst 2008 og staðfest af ráðherra 28. maí 2009. Náman er skilgreind sem náma E3 í aðalskipulagi Ölfuss. Námusvæðið er skipt í tvennt.
Svæði Árvéla sem liggur sunnar í reit E3. Þar hefur verið efnisvinnsla undanfarin ár. Heildarflatarmál efnistökusvæðisins er um 18 ha. Heildar efnismagn til vinnslu á næstu 30 árum er um 27.000.000m3.

Efnistökusvæðið nyrst í reit E3 hefur Sveitarfélagið Ölfus ráðstafað til Jarðefnaiðnaðar ehf. Það svæði er um 23.1 ha og fyrirhuguð efnistaka um 18.000.000m3 á 30 árum eða um 600.000m3 á ári til ársins 2038. Heildarstærð lóðar sem Jarðefnaiðnaður ehf hefur er 37.1 ha.

Þeir þættir deiliskipulagsins sem helst eru taldir valda umhverfisáhrifum eru efnistaka, efnisvinnsla og umfer sem og viðvera vinnuvéla og geymsla olíu og annarra efna á svæðinu.

Samlegðaráhrif fyrir báðar námurnar eru metin saman og verður frágangi á námu í lok verks, samræmdur.

Með deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð liggur frammi umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 12. desember 2010 til 9. janúar 2011. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 23. janúar 2011. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Sigurður Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi.

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Sérfræðingur | Ríkiskaup | Reykjavík | 201012/032 |
| Launafulltrúi | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201012/031 |
| Umsjónarmaður gæðahandbókar | Matvælastofnun | Selfoss | 201012/030 |
| Sérfræðingur | Matvælastofnun | Selfoss | 201012/029 |
| Rannsóknasérfræðingur | HÍ, verkfræði- og náttúruv.svið | Reykjavík | 201012/028 |
| Nýdoktor í jöklafræði | HÍ, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201012/027 |
| Doktorsnemi | HÍ, verkfræði- og náttúruv.svið | Reykjavík | 201012/026 |
| Þýskukennsla | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201012/025 |
| Eftirlitsmaður | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 201012/024 |
| Verkefnisstjóri | Mennta- og menningarmálar. | Reykjavík | 201012/023 |
| Stuðningsfulltrúi, félagsliði | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 201012/022 |
| Fulltrúi | Sýslumaðurinn í Keflavík | Keflavík | 201012/021 |
| Lögfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201012/020 |
| Starfsfólk | Sv.skrifst. mál. fatl. á Reykjanesi | Höfuðborgarsv. | 201012/019 |
| Rannsóknarlögreglumenn | Lögreglustjórinn á Akureyri | Akureyri | 201012/018 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Lögfræðingar Endurskipulagning eigna og Fyrirtækjabanki

Landsbankinn

Fyrirtækjabankinn sér um málefni stórra fyrirtækja, annast málefni sveitarfélaga og tekur að sér stærri fjármögnunarverkefni. Endurskipulagning eigna er nýtt svið sem mun tímabundið annast úrlausn erfiðra lánamála fyrirtækja.

Við leitum að reynslumiklum og metnaðarfullum lögfræðingum til liðs við lögfræðideild Endurskipulagningar eigna og lögfræðiþjónustu Fyrirtækjabanka.

## Helstu verkefni

**Í Endurskipulagningu eigna:**
- Lögfræðileg ráðgjöf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja
- Skjala- og samningagerð

**Í Fyrirtækjabanka:**
- Lögfræðileg ráðgjöf tengd fjármögnun stærri fyrirtækja
- Gerð flóknari lána- og tryggingaskjala

## Hæfniskröfur og eiginleikar
- Háskólamenntun á sviði lögfræði, málflutningsréttindi eru kostur
- Þekking og/eða reynsla af fjármálamarkaði eða lögmennsku skilyrði
- Framúrskarandi færni í talaðri og ritaðri íslensku og ensku
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

## Nánari upplýsingar veita:

Jón Þór Grímsson, forstöðumaður Endurskipulagningar eigna í síma 410 6667, Einar Kristján Jónsson, forstöðumaður Fyrirtækjabanka í síma 410 6454 og Ingibjörg Jónsdóttir, Mannauði í síma 410 7902.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Lögfræðingur".

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.

GAGARIN

## ÓSKUM EFTIR GRAFÍSKUM HÖNNUÐI

www.gagarin.is

## PRENTSMIÐUR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða prentsmið í undirbúningsvinnu.
Þekking á helstu forritum í prentiðnaði nauðsynlegur.
Upplýsingar gefur Konráð í síma 893 1195
eða á konni@litrof.is

**LITRÓF-HAGPRENT**
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík · Sími 563 6000

:fá+ HEILBRIGÐISSKÓLINN
FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

## Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun á vorönn 2011

Fjölbrautaskólinn við Ármúla/Heilbrigðisskólinn auglýsir eftir umsóknum um framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun. Námið er í samræmi við nýja námskrá á fjórða þrepi framhaldsskólans. Nemendur þurfa að hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í a.m.k. 3 ár. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámi í lyfhrifafræði/lyfjafræði og hafi góða enskukunnáttu. Einnig er gerð krafa um að nemendur hafi góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið í helstu ritvinnsluforritum.

Staðbundið nám kostar 60.000 krónur á önn. Umsóknarfrestur er til 15. desember og skal skila umsókn á skrifstofu skólans og skulu fylgja henni eftirtalin gögn: Afrit af prófskírteini vegna sjúkraliðanáms og annars náms/námskeiða, sem nýtast í framhaldsnáminu, starfsferilsskrá og meðmæli frá vinnuveitenda.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún Hildur Ragnarsdóttir kennslustjóri sjúkraliðabrautar, netfang ghr@fa.is eða í síma 525 8800.

*Skólameistari*

# Sölu- og innkaupastjóri

Sigurplast óskar eftir sölu- og innkaupastjóra með góða þekkingu á umbúðum úr plasti, fyrir matvæla- og efnaiðnað.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með reynslu og þekkingu á sölu, innkaupum og vörustjórnun. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Viðkomandi gefst tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu félagsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og birgja
- Áætlanagerð tengd innkaupum og sölu
- Mótun lykilferla
- Stýring á vöruflæði
- Öflun nýrra viðskiptavina

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, menntun á sviði vörustjórnunar æskileg
- Góð þekking og reynsla af innkaupum og sölustjórnun
- Góð tölvukunnátta, reynsla af notkun Navision æskileg
- Gott vald á rituðu máli á íslensku og ensku og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á íslenskum iðnaði

**Umsóknarfrestur er til 28. desember.**
Umsóknir sendist á netfangið hjortur@sigurplast.is

**SIGURPLAST**

Völuteigur 17-19 • 270 Mosfellsbær • www.sigurplast.is • Sími 566 83 00 • Fax 566 8314

## Tvær skurðstofur til leigu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

### 14978 - Útleiga á skurðstofum – Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrirhugar að leigja út aðstöðu til skurðlækninga á nýjum og rúmgóðum skurðstofugangi, um 650 fm. Um er að ræða tvær nýjar skurðstofur, önnur fullbúin tækjum og búnaði, hin búin tækjum að hluta. Hver skurðstofa er 43fm. Á skurðstofugangi er einnig vel búin vöknun í tveimur aðliggjandi stofum, samtals 70 fm. Önnur aðstaða er öll til fyrirmyndar, s.s. lyfjaherbergi, skol, geymslur, skrifstofur og fundaraðstaða/rúmgóð kaffistofa.

Ríkiskaup sjá um verkefnið fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þeir sem hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar um útleiguna sendi inn nöfn og yfirlýsingu um áhuga og gögn til staðfestingar á hæfni umsækjanda til að starfrækja skurðaðgerðir. Ofangreindum gögnum skal skilað til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, eigi síðar en **20. desember n.k.** Gögnin er jafnframt hægt að senda á utbod@rikiskaup.is með yfirskriftina „Verkefni 14978 – Útleiga á skurðstofum“. Öllum fyrirspurnum varðandi verkefnið skal beint til Ríkiskaupa á ofangreint netfang, þ.m.t. ósk um að skoða húsnæðið.

Áhugasömum verða sendar nánari upplýsingar um skurðstofurnar, þjónustu HSS, kröfur sem gerðar eru til leigjenda og skilmála 22. desember 2010.

RÍKISKAUP
***Útboð skila árangri!***

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**VESTURHÖFN**
**RIF OLÍUBRYGGJU 2011**

Rífa skal Olíubryggju, sem er staurabryggja úr tré í Reykjavíkurhöfn, farga öllu efni eða endurnýta að hluta.

Umfang verks:

- Flatarmál bryggju 570 m²
- Fjöldi staura 110 stk.

Útboðsgögnin verða afhent endurgjaldslaust hjá Hnit verkfræðistofu h.f., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík frá og með **mánudeginum 13. desember** n.k.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Faxaflóahafna sf., Tryggvagötu 17, fyrir **þriðjudaginn 11. janúar 2011 klukkan 11:00.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma.

**Verklok eru 15. mars 2011.**

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Rammasamningur um kaup þurrvöru, EES útboð nr. 12542.***

Útboðsgögn, á geisladiski verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur frá og með 14. desember 2010.

Opnun tilboða: 10. janúar 2011, kl 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12542

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# Styrkur til doktorsnáms

í rannsóknarverkefninu IceWind: „Nýting vindorku á norðurslóðum"

**Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild auglýsir eftir styrkþega í doktorsnám.**

Nýlega hófst vinna við norrænt rannsóknarverkefni, IceWind, í samstarfi Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands, Landsvirkjunar og átta annarra leiðandi stofnana og fyrirtækja á öllum hinum Norðurlöndunum. IceWind verkefninu er skipt í fjóra hluta. Annar hlutinn nefnist „Vindorka á Íslandi", og sá hluti skiptist í tvo meginþætti, annars vegar kortlagningu á vindorkuauðlindinni á Íslandi með veðurfræðilegum aðferðum og hins vegar líkanreikninga fyrir samtvinnun vindorkuvera og vatns- og jarðhitaorkuvera í íslenska raforkukerfinu. Rannsóknarverkefni doktorsnemans mun tengjast líkanreikningahluta IceWind verkefnisins.

Umsækjendur skulu hafa lokið meistaraprófi í verkfræði eða raunvísindum og hafa haldgóða kunnáttu í tölvunotkun, hagnýtri stærðfræði og líkanreikningum.

Nánari upplýsingar: Kristján Jónasson, prófessor, **jonasson@hi.is, sími 822 8860** og Egill B. Hreinsson, prófessor, **egill@hi.is, sími 898 1075.**
Sjá nánar á **www.hi.is/skolinn/laus_storf og www.starfatorg.is/**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík fimmtudaginn 16. desember 2010 kl. 13:00 á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 16, fnr. 216-7262, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Þb. Álfasteins ehf, gerðarbeiðandi Guðmundur Óli Björgvinsson hrl, skiptastjóri, f.h. þb. Álfasteins ehf.

Aðalbraut 20-22, fnr. 216-7244, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Þb. Álfasteins ehf, gerðarbeiðandi Guðmundur Óli Björgvinsson hrl, skiptastjóri, f.h. þb. Álfasteins ehf.

Sýslumaðurinn á Húsavík
10. desember 2010

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Rammasamningur um þjónustu sérfræðinga í umhverfis, skipulags- og byggingamálum - EES útboð nr. 12559.***

Útboðsgögn, á geisladiski verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur frá og með 15. desember 2010.

Opnun tilboða: 3. febrúar 2011, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12559

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Rammasamningur um lyf, vélapökkun og lyfjafræðiþjónustu - EES útboð nr.*** 12547.

Útboðsgögn, á geisladiski verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur frá og með 14. desember 2010.

Opnun tilboða: 31. janúar 2011, kl 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12547

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# SMÁAUGLÝSINGAR

## BÍLAR & FARATÆKI

### Bílar til sölu



Toyota Land Cruiser 100VX disel, árg. 5/1998, ekinn 295þ.km. sjálfsk. leður, ný dekk. Verð 2.400.000, S 897 3518.



Til sölu 305 Chevrolet. Nýr knastás og undir litur. Hringir, legur, tímagír. V. 160 þús. S. 774 4021.



Mazda 3, 1600, H/B/T, 5 dyra, beinskiptur, bensín. Fyrsta skráning: 09.05.2008. Næsta aðalskoðun: 01.02.2011. Ek. 49.000 km. Verð: 2.200þ. kr. S. 820 9453.



VW Passat árg'98 1,6. V. 250 þús.Nýsk. Gott eintak. Uppl í s. 770 5141



Toy. Corolla 1.6 L árg. 2003. Sjálfsk. ek. 166þ. Mjög gott eintak. Verð 820.000. Sími 8994628.



Til sölu VW Transporter árg. ,01. 6 manna, allt nýlega tekið í gegn. V. 950 þ. Skoða öll skipti. S.: 893 5574



Til sölu Toyota Land Cruiser GX árg. 08/10,ek. 6þús. Tilboð óskast. Uppl í s. 896 0258



MMC Outlander Instyle ,07 diesel ek. 76 þús. km. Leður, xenon ofl. V. 4.200 þ. Tilboð 3.700 þ. S. 840 6047.



Til Sölu Musso árg. ,98 2,3 bensín ekin 175 þús. 35" breyttur. Ný skoðaður og litur vel út. Verð 570 þús. Uppl. í síma 847 6660.



**Sendiráðsbíll til sölu**
BMW 525 D x-Drive árg. 2009 Ekinn 14 þ.km., sjálfskiptur, vetrardekk, Bluetooth, leðursæti o.s.frv. ÓSKAÐ er tilboða sem er að lágmarki. 7.490.000 kr.st.gr. Vegna of stutts tilboðstíma framlengist tilboðsfresturinn til kl. 11:00 mánudaginn 20.12.10. Uppl. í Þýska sendiráðinu í síma 530 1100 gsm 663 7800 eða mail: info@reykjavik.diplo.de



Til sölu Toyota Land Cruiser árg. ,87 ek. 340 þús. Einn eigandi frá upphafi. Uppl. í s. 662 6423.



Til sölu Chevrolet Tahol 4WD árg'95 með músódíselvél. V. 200 þús. Uppl í s. 894 2208



Toy.Avensis,09.01,sjálfsk,1.8,ný dekk,reyklaus,í toppstandi, ek. 240þ (langkeyrsla), verð 750þ. Myndir: www.kryppa.com myndir: test. kryppa. com. S. 696-6610



Til sölu Subaru Legacy Outback, amerísku týpa, árg'96. Ek. 187 þús mílur. V. 300 þús. Uppl í s. 892 3444



VW Golf Highline 8V. Ek. 125þ.km. Verð 900 þús. Vel með farinn og góður bíl. Uppl. í síma 692 9714.



Skoda Oct. ,10 ssk. 6.500 km, krókur, sumar og vetrardekk. Verð 3.850.000. Engin skipti. S. 893 6199.

**Toyota Corolla - Supereintak - 350.000kr**
Upplýsingar í síma: 8475337

**Vantar þig ódýrann bíl?**
Til sölu Huyndai Sonata árg. ,99. Góður bíll. V. 250 þús. Uppl. í s. 691 7190

VolksWagen Passat 2,0 station árg. 2002 til sölu, ekinn 156.800 km, ný vetrardekk, álfelgur, ný tímareim, sk. 2011, álfelgur, ekkert áhvíland, engin skipti, verð 750.000 kr. Hringja eftir kl 16:00 896 2039.

Pajero árg. 2000 ek. 182þ. sjálfsk. toppl. leður, 32" dekk og fl. Glæsilegt eintak, nýsk. S. 892 5257 & 588 0115.

Til sölu MMC Eclipse GS Turbo árg. ,97 ek. 90 þús. mílur. Nýupptekin vél. Ný alsprautaður. Silfurlitaður. Stóri spoilerinn. Leður innrétting, sóllúga, sjálfskiptur. Góður stgr. afsláttur. Xenon ljós. til sýnis á bílasölunni bíll.is Uppl. í s. 896 0015.

Tveir Mussoar til sölu annar í varahluti hinn þarfnast lagfæringar. Annar 97 hinn 98. seljast báðir á 70 þúsund. uppl í síma: 8451550.

Til sölu glæsilegur svartur Toyota Corolla Verso. 7manna. M/ Ipod og bluetooth. Árg. ,07. Ek. 39þ. (undir ekinn 17þ. miða við aldur)Listav. 2.490þ. Tilb. óskast. S. 891 9646

CHRYSLER STRATUS. árg 2000. ek 132.000 skoðaður 2011 adeins tilboð i sima 663 1026

### 0-250 þús.

Huyandi Accent árg 96' ek.160þ.km sk 11' í góðu standi og góð dekk v.150þ. staðgr. uppl: 7779987

MMC l200 2,5D 35". Skoðaður, ek.270 þús. Uppl í s. 691 9219

Honda Accord árg'97, ek. 173 þús. Sk. Vel með farinn. Uppl í s. 691 9219

vw polo'97 ek.144þús. sk.11 ný tímareim og pust v:180þús simi:6917752

Opel Vectra 98 ekinn 80.000 bilaður eftir smá bruna tilboð uppl S.6154247

### 250-499 þús.



Musso E23 árg ,01 ek. 106þús. Sjálfskiptur, bensín. Verð 450þús. Uppl 8926358



**Aðeins 290.000-!!!**
Daihatsu Applause Limeted nýskr 12/98 ekinn 119 þ km 5 gíra álfelgur heilsársdekk spoiler ABS airbag samlitur verð 390.000- nú á aðeins 290.000- upplí síma 861 7600



**Gott verð !!!!!!**
M.Benz C180 árg 1994, ekinn 309 þ km, sjálfskiptur, heilsársdekk, álfelgur, CD, skoðaður 2010, mikið endurnýjaður, s.s. tímakeðja, spyrnufóðringar framan, gormaskálar framan, hjólalegur framan, lakk gott, góður bíll verð 450.000- upplí síma 899-8789



Galloper ,99. Ek. 152þús, nýleg tímareim. sk.2011. 2,5 tti. Verð 450þús. Uppl. í s. 659 3459



Vento árg. ,97 ek. 179þús, 5 gíra, sk. ,11 Verð 250þús Uppl. í s. 659 3459

